
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2009-04
Fundartími:	Miðvikudagur 6. maí 2009 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Notkunarflokkar raforku 2008. 3) Aflþörf raforkukerfisins 2008. 4) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. 5) Breytingar á raforkuspánni og forsendur endurreiknings. 6) Raforkunotkun stóriðju. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Íris Baldursdóttir
Ívar Þorsteinsson
Ásgeir Sigtryggsson
Pétur E. Þórðarson
Gunnar Aðalsteinsson
Sigurður Ágústsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson

Fjarverandi:

Ingvar Baldursson
Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. ÍP sagðist vera búinn að senda bréf til Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar varðandi mælingar á raforkuvinnslu eins og samþykkt hafði verið á fyrri fundi. Fyrirtækin fá frest til áramóta til að setja upp mæla.
- 2) JV sagði að gögn um notkunarflokka ættu að vera orðin endanleg og hann væri búinn að senda töflur til OS til að setja á heimasíðu orkuspárnefndar en þau eru þó ekki komin þangað. Íris bað um að fá afrit af skeyti þegar gögn væru send til að setja á heimasíðu orkuspárnefndar. PEP benti á að töpin í dreifikerfinu væri orðin miklu minni en flutningstöpin og einnig minni en töp og eigin notkun í virkjunum ÁS benti á að hlutfallsleg flutningstöp hafi farið minnkandi og væru nú rúm 2%. Þetta stafaði m.a. af því að töp í flutningum frá Kárahnjúkum til Fjarðaáls væru einungis 0,8%.

- 3) IB fór yfir úrvinnslu aflagagna og sýndi nokkrar myndir. Landstoppur kom 2. desember kl 18-19 og var raforkuvinnslan þá 2.134 MW . IB nefndi hvort setja ætti í endurreikninginn mynd með lagæislínum álags en fundarmenn vildu frekar sjá myndir í tímaröð. Hann benti á toppa sem koma í úttekt í Mjólka sökum þess að fæðing hefur verið í viðhaldstilkum yfir í Breiðdal í gegnum dreifikerfið.
- 4) JV sýndi og fór yfir tölur um raforkunotkun á 1. ársfjórðungi. Raforkuvinnslan hefur aukist um 7,7% frá sama tíma árið 2008 en flutningstöp hafa minnkað um 10,2%. Stórnokun hefur aukist um 12,2% en almenn notkun hefur minnkað um 3,4%. Ótryggð orka hefur minnkað um 4,4% á þessu tímabili væntanlega vegna lítillar loðnuveiði en forgangsortkan hefur minnkað um 3,3%. Nokkur munur er á hitafari þessa mánuði milli ára og er árið 2009 hlýrra en 2008. Hitastigleiðrétting hefur því þau áhrif að aukningin verður meiri og forgangsortku minnkar eftir leiðréttingu um 1,5%. Notkun vegna framkvæmda á Austurlandi við virkjanir og stóriðju hefur minnkað og ef sá þáttur er tekinn út stendur forgangsortkan nokkurn vegin í stað á milli ára.. JV sagðist einnig hafa skoðað veitusvæði Rarik og Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuöflunin hefur minnkað um 5,6% á veitusvæðum Rarik en um 2,8% á veitusvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Hafa þarf í huga að áhrif lofthita eru mun meiri á Rarik svæðunum. JV var falið að setja þessar tölur á heimasíðu orkuspárnefndar.
- 5) Íris sagði að oft kæmu upp þörf á að hafa spá lengra un til ársins 2030 og lagði því til að spáin yrði framlengd alla vega til 2040. JV benti á að eldsneytisspá frá síðasta ári sé til ársins 2050 og hefði þetta verið ósk Umhverfisstofnunar. Hann taldi eðlilegt að hafa samræmi þarna á milli. Samþykkt var að lengja spána.
- 6) Íris fór yfir tölur um orku- og aflþörf stóriðju. Hún sagði að tölur væru aðeins á reiki um Becromal. Járnblendið hefur samið um lækkun úttekta en slíkt hefur ekki komið fram í notkun síðustu mánaða. Búið er að samþykka 40 MW aukningu hjá Fjarðaáli sem var inni í spánni á síðasta ári. Helguvík var ekki talin nógu föst í hendi til setja þá notkun inn í spána. Nokkur umræða var um það hvaða afltölur ætti að nota í spánni. Íris ætlar að fara betur yfir tölurnar með ÁS.
- 7) JV sagði að gögn sem hann hefði sent til Orkustofnunar hefðu ekki skilað sér inn á heimasíðu orkuspárnefndar. ÍP ætlar að kanna þetta. Íris lagði til að breyta fundartíma til kl. 14:30 framvegis til að fundurinn sliti ekki daginn í sundur. Þetta var samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 2. júní 2009.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

Dreift var á fundinum:

- Töflur um raforkunotkun á 1. ársfjórðungi 2009.

Sýnt var en ekki dreift:

- Myndir um aflaggn.
- Aukning raforkunotkunar á veitusvæðum Rarik og Orkuveitu Reykjavíkur.
- Töflur um afl og orkuþörf stóriðju.
- Mynd sem sýnir aukningu raforkunotkunar síðustu fimm ársfjórðunga.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
Ingvar/Jón	Athuga hvort notkun á vinnslusvæðum HS sé inni í innmötunarröðum
Jón	Samræma almennar forsendur núverandi skilgreiningum hjá Hagstofu Íslands.
Ingvar	Ný tafla í endurreiknaða spá um inn og útmötun frá Landsneti.
Ingvar	Skipta Akureyri í tvennt í töflum í viðauka 4 og kalla stöðina Rangárvelli.
Íris/Ásgeir	Tafla um samninga við stóriðju
Ingvar/Jón	Breyta framsetningu í töflum með stóriðjunotkun
Ívar	Athuga af hverju gögn skila sér ekki inn á heimasíði orkuspárnefndar
Ingvar/Jón	Lengja spátímabilið til 2040 eða 2050